



Munur á atvinnutekjum eftir menntun hefur farið minnkandi

Atvinnutekjur eftir menntunarstigi hafa breyst með mismunandi hætti á síðustu 20 árum. Munur á atvinnutekjum einstaklinga með mismunandi menntun á aldrinum 25 til 64 ára hefur minnkað töluvert frá árinu 2000.

Frá árinu 2000 fram til 2019 hækkuðu atvinnutekjur allra á vinnumarkaði um 214%. Hækkun þeirra sem voru með grunnmenntun var 239%. Atvinnutekjur annarra hópa hækkuðu hins vegar töluvert minna á þessu tímabili. Tekjur þeirra sem voru með starfs- og framhaldsmenntun hækkuðu um 185% og tekjur háskólamenntaðra hækkuðu um 173%.

Tekjur óháð vinnutíma

Hér er um að ræða mælingu á atvinnutekjum óháð vinnutíma einstaklinga. Með atvinnutekjum er átt við launatekjur og aðrar starfstengdar tekjur, ökutækjastyrk, dagpeninga og hlunnindi. Auk þess telst reiknað endurgjald og tekjur erlendis, aðrar en fjármagnstekjur, til atvinnutekna.


Niðurstöður byggja á skattframtölum einstaklinga sem eru skattskyldir hér á landi og hafa skilað framtali til Skattsins.

Tekjumunur hefur minnkað


Á síðustu 20 árum hefur þannig dregið töluvert úr tekjumun miðað við menntunarstig. Á árinu 2000 voru meðaltekjur fólks með grunnmenntun um 75% af meðaltali allra á vinnumarkaði. Á árinu 2019 voru tekjur þessa hóps komnar upp í 81% af meðaltali allra.

Á þessu tímabili hefur orðið hlutfallsleg fjölgun í hópi einstaklinga með háskólamenntun og þeim sem eru með grunnmenntun einungis fækkað hlutfallslega að sama skapi. Þær breytingar hafa áhrif á meðaltal¹ alls hópsins.

Þróun atvinnutekna 1990-2019



Breyting atvinnutekna 2000-2019



¹ Hér er notast við skilyrt meðaltal, þ.e. einungis byggt á þeim einstaklingum sem hafa tekjur.

Á árinu 2000 var fólk með starfs- og framhaldsmenntun með 2% hærri tekjur en nam meðaltali allra á vinnumarkaði. Á árinu 2019 voru tekjur þessa hóps um 8% lægri en meðaltal allra. Háskólamenntað fólk var með 35% hærri atvinnutekjur en meðaltalið á árinu 2000 og var það hlutfall komið niður í 17% á árinu 2019.

Með öðrum orðum mætti segja að á árinu 2000 hafi háskólamenntað fólk haft 80% hærri atvinnutekjur en fólk með grunnmenntun, en munurinn hafði lækkað niður í 45% 2019. Úr hinni áttinni mætti segja að fólk með grunnmenntun hafi haft 56% af tekjum háskólamenntaðra á árinu 2000 og væri komið upp í 69% 2019.

Þróun eftir kynjum

Sé litið á þróun kynjanna innan þessara hópa kemur í ljós að atvinnutekjur kvenna hafa hækkað meira en karla í öllum hópunum frá 2000 til 2019.

Tekjur kvenna með grunnmenntun hækkuðu mest á þessu tímabili, eða um 256%. Karlar með grunnmenntun hækkuðu mest karla, eða um 188%. Háskólamenntaðir karlar hækkuðu minnst allra, eða um 151% á tímabilinu.


Umtalsverður munur kynja

Atvinnutekjur kvenna í þessum hópum hækkuðu 20-30% meira en hjá körlum innan sömu hópa. Mestur munur var meðal háskólamenntaðra, en þar hækkuðu atvinnutekjur kvenna um 30% umfram hækkun karla. Tekjur kvenna með grunnmenntun hækkuðu um 24% meira en hjá körlum og tekjur kvenna með starfs- og framhaldsmenntun um 20% meira en hjá körlum.

Heldur þessi þróun áfram?


Ásýndin á þessari þróun er að hún sé frekar í óhag fyrir háskólamenntaða, sérstaklega karla. Tölurnar ná til 2019, en þá um vorið var svokallaður lífsskjarasamningur gerður, þar sem mikil áhersla var á meiri launahækkanir til þeirra tekjulægri. Kjarasamningar voru þó ekki gerðir fyrir meginhluta opinberra starfsmanna fyrr en á árinu 2020. Áhrifa þessa samnings fór því ekki að gæta að fullu fyrr en á árinu 2020.

Tekjur miðað við meðaltal allra




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Atvinnutekjur karla og kvenna



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Hækkun atvinnutekna kvenna umfram karla 2000-2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Atvinnuleysi jókst verulega á árinu 2020 og hefur sú þróun eflaust haft einhver áhrif á atvinnutekjur einhverra þessara hópa. En ekki er ólíklegt að þróun atvinnutekna haldi áfram í sömu átt, þ.e. að munurinn eftir menntunarstigi haldi áfram að minnka á næstu árum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.